

AUGLÝSING

um umferð á Húsavík.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Húsavíkur og skv. heimild í 65. gr. umfl. nr. 40 frá 23. apríl 1968 hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð á Húsavík.

1. Einstefnuakstur verði inn á bílastæði Pósts og síma frá Miðgarði og út af því á Garðsbraut.
2. Bannað verði að stöðva eða leggja bifreiðum framan við hús Pósts og síma, nema póstbifreiðum.
3. Bannað er að leggja bifreiðum á Mararbraut (Stangarbakka) að vestanverðu frá Búðará að Pverholti. Einnig verði bannaðar bifreiðastöður á sama vegarkafla að austanverðu nema á afmörkuðum bílastæðum.

Lögreglustjórinn á Húsavík, 12. apríl 1983.

Sigurður Gizurarson.

REGLUGERÐ

um fæðingarorlof.

1. gr.

Rétt til fæðingarorlofs samkvæmt reglugerð þessari á foreldri, sem lögheimili á hér á landi, skv. lögum nr. 35/1960.

Konur, sem eru opinberir starfsmenn og aðild eiga að BSRB, BHM eða Sambandi íslenskra bankamanna og eiga rétt til þriggja mánaða óskertra launa í fæðingarorlofi, falla ekki undir reglugerð þessa.

2. gr.

Sá, sem á rétt til fæðingarorlofsgeiðslu samkvæmt reglugerð þessari, á rétt frá launuðum störfum þann tíma, sem fæðingarorlof er greitt.

3. gr.

Heimilt er konu að hefja töku fæðingarorlofs allt að einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag, sem staðfestur skal með læknisvottorði eða vottorði ljósmóður, enda hafi hún lagt niður launuð störf sín, er taka fæðingarorlofs hefist.

Beri fæðingu að fyrir töku fæðingarorlofs, telst fæðingarorlof hafið á fæðingardegi og miðast þá fyrsta fæðingarorlofsgeiðsla við fæðingarmánuð barnsins.

4. gr.

Nú hefur móðir tekið fæðingarorlof í tvo mánuði og á þá faðir rétt til fæðingarorlofs í einn mánuð í stað móður, enda sé um að ræða síðasta mánuð fæðingarorlofsins. Fellur þá greiðsla til móður niður.

Réttur föður til töku síðasta mánaðar fæðingarorlofs er háður samþykki móður.

Sú mánaðarfjárhæð, sem faðir á rétt til, miðast við þann dagvinnustundafjölda, sem hann hefur unnið á vinnumarkaði síðustu 12 mánuðu fyrir töku fæðingarorlofs, sbr. 7. gr. reglugerðar þessarar.